

15 NOV 2016

Bréfalykill: 23-10

Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Reykjavík 14. nóv. 2016

Matjurtagarðar í Skammadal


Í samningi Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar um breytt staðarmörk frá 2001 eignaðist Mosfellsbær eignarlandið Reykjahlíð sem inniheldur matjurtagarðana í Skammadal. Í samningnum er sagt að ræktendur sem hafa skika á leigu í Skammadal haldi rétti sínum þar til Mosfellsbær ákveður að taka landið til annarra nota.

Áhugi á matjurtaræktun í Skammadal er minni en var á árum áður og því hefur stórum hluta garðanna nú þegar verið lokað og komið í umsjón Mosfellsbæjar.

Matjurtagarðarnir hafa verið reknir með nokkuð óbreyttu sniði undanfarin mörg ár. Fyrir nokkrum árum var stofnað félag ræktenda í Skammadal, Skammadalsfélagið. Félagið hefur beitt sér fyrir ýmsum málum til hagsbóta fyrir ræktendur og gagnvart borginni. Félagið hefur m.a. fengið til afnota kaffiskúr í eigu borgarinnar sem er frá þeim tíma þegar var starfsmaður á svæðinu.

Skammadalsfélagið hefur nú haft samband við borgina og óskað eftir viðræðum um að fá að taka við umsjón með gördunum. Það hefur verið tekið ágætlega í þá hugmynd af hálfu borgarinnar en samhliða því var velt upp hvort ekki væri eðlilegra að Reykjavíkurborg drægi sig út og að Skammadalsfélagið gerði frekar samkomulag við Mosfellsbæ sem landeiganda. Mosfellsbær gæti þá strax hugað að stefnumörkun og framtíðarnotkun svæðisins.

Óskað er eftir afstöðu Mosfellsbæjar til þess að taka yfir svæðið og samskipti við Skammadalsfélagið.


Ólöf Orvarsdóttir
sviðsstjóri
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur